



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 – 220 – Hafnarfjörður – Sími 5550944 - Fax 5654055 – Netfang: hlif@hlif.is

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2005 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuálastofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að ályktun um sama efni var samþykkt á ársfundi Alþýðusambandsins á árinu 2004.

Greinarferð:

Eins og málum er nú háttað hér á landi er atvinnurekanda leyfilegt að segja starfsmanni upp starfi án þess að geta um ástæðu uppsagnarinnar. Í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er aftur á móti sett það skilyrði að atvinnurekandi skuli ávallt, með eins góðum fyrirvara og hægt er, upplýsa viðkomandi stéttarfélag og trúnaðarmann um ástæðu uppsagnar starfsmanns. Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni að upplýsa félagið og viðkomandi trúnaðarmann tímanlega um uppsögn starfsmanns þá telst uppsögnin ógild

Fjöldmörg önnur ákvæði er að finna í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Meðal annars eru taldar upp eftirfarandi ástæður sem **ekki** teljast gildar til uppsagnar:

- a) aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda;
- b) að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur;
- c) að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum, reglugerðum eða kjarasamningi eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds;
- d) kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni;
- e) fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi;
- f) aldur starfsmanns;
- g) fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 – 220 – Hafnarfjörður – Sími 5550944 - Fax 5654055 – Netfang: hlif@hlif.is

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2005 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hækka almenn skattleysismörk til samræmis við þróun lágmarkslauna frá árinu 1988 og standa þannig við loforð sem stjórnvöld gáfu þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Skattleysismörk eru nú rúmlega 75 þúsund krónur á mánuði en væru um 105 þúsund krónur hefðu þau fyllt launaþróun lágmarkslauna, eins og stjórnvöld lofuðu.

Greinargerð:

Almenn launafólk greiðir verulega hærra tekjuskatt en það ætti að gera vegna vanefnda á loforði sem stjórnvöld gáfu árinu 1988 um hækkun skattleysismarka. Hefði verið staðið við þau loforð væru skattleysismörk nú um 30 þús. krónum hærra en þau eru nú. Þessar vanefndir hafa sett fjármál þúsunda heimila í uppnám og oftar en ella valdið gjaldþroti margra þeirra.

Afnám hátekjuskatts og lækkun á tekjuskattsprósentu kemur þeim best sem hæstar hafa tekjurnar en almennt launafólks tekur á sig hlutfallslega þyngri skattbyrðar. Raunhæf lagfæring á erfiðri fjárhagsstöðu alls almennings og eitt af því sem gæti bjargað fjárhag margra láglaunaheimila er að hækka almenn skattleysismörk og láta þau síðan fylgja launaþróun í landinu.

Ársfundurinn skorar á ríkisstjórnina að hætta að hygla hátekjufólki með skattaívilnunum og beita sér heldur fyrir bættum hag alls almennings í landinu og hækka skattleysismörk í 105 þús. krónur á mánuði og láta þau síðan fylgja launaþróun í landinu.

Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 – 220 – Hafnarfjörður – Sími 5550944 - Fax 5654055 – Netfang: hlíf@hlíf.is

Ársfundur Alpýðusambands Íslands 2005, ályktar að fella beri niður verðtryggingu íbúðalána, þar sem hún er bæði verðbólgu- og þensluhvetjandi og gengur eingöngu út á það eitt að tryggja gróða fjármagnseigenda og lánastofnana án tillits til hagsmuna lántakenda eða þjóðfélagsins í heild.

Greinargerð:

Það hefur sýnt sig á undanförunum áratug að verðbólga skapast að mestu leyti af óábyrgum efnahagsaðgerðum stjórnvalda og græðgi fjármagnseigenda, en ekki af óviðráðanlegum sveiflum í efnahagslífinu eða miklum hækkunum á almennum kaup-
töxtum verkalýðsfélaganna. Allir almennir kjarasamningar á fyrrgreindu tímabili hafa gengið út á litlar launahækkanir sem ógna ekki á neinn hátt stöðugleikanum í hagkerfinu. Það er því hámark ósvífinnar af íslenska ríkinu og fjármagnseigendum að ætlast til þess að almenningur greiði verðtryggð íbúðalán vegna verðbólgu og þenslu sem hann á engan þátt í að skapa. Og það er út í hött að reyna að réttlæta verðtrygginguna með því að segja að hér á Íslandi sé af óviðráðanlegum ástæðum ótryggara og sveiflukenndara efnahagsástand en hjá nágrannaþjóðum okkar og því verði að verðtryggja lánin. Þetta eru ósannindi ætluð til þess að réttlæta þá núturlegu staðreynd að héraendis eru margfalt hærri raunvextir en í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna að víðast í V-Evrópu greiðir almenningur í kringum 4% raunvexti af húsnæðislánum sínum en hér á landi eru þeir nú um þessar mundir um 9% og flest bendir til að verðtryggingin hækki þá fljótlega upp í 10% til 12%.

Það dylst engum heilvita manni að verðtryggingin ógnar fjárhagslegu öryggi heimilanna í landinu, enda hafa þau í þúsundatali orðið gjaldþrota hennar vegna og fleiri munu fylgja í kjölfarið ef verðtryggingin verður ekki afnumin. Núverandi fyrirkomulag á íbúðalánum gerir þau að slæmum kosti hjá öllu almennu launafólki og slæm reynsla almennings af henni í áratugi ætti að vera nægjanleg rök fyrir afnámi hennar.